

Kynning á tillögum stjórnar U3A til breytinga á samþykktum samtakanna.

Inngangur

Eins og greint hefur verið frá á heimasíðu samtakanna hefur U3A Reykjavík gerst aðili að samtökunum Almannaheill - samtök þriðja geirans. Um er að ræða samtök almannaheillafélaga og sjálfseignastofnana sem ætlað er að vinna að heill ótiltekins fjölda einstaklinga án hagnaðarsjónarmiða. Í framhaldi af því ákvað stjórnin að leggja til breytingu á samþykktum U3A þess efnis að samtökin starfi samkvæmt lögum nr. 110/2021 um félög til almannaheilla. Verði sú breyting samþykkt hyggst stjórnin sækja um skráningu á almannaheillafélagaskrá. Skráning felur m.a. í sér að þeir sem styðja samtökin með gjöfum eða framlögum geta fengið skattafslátt. Þá kemur fram í lögum um almannaheillafélög að ríki og sveitarfélög geti gert það að skilyrði fyrir styrkjum, rekstrarsamningum og opinberum leyfum til félaga að þau séu skráð í almannaheillafélagaskrá. Auk nauðsynlegrar aðlögunar vegna breytingar í almannaheillafélag eru lagðar til nokkrar viðbætur og lagfæringar á samþykktunum. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þessum breytingunum:

Núverandi greinar 1 og 2

1. grein

Nafn samtakanna er U3A Reykjavík. U3A er skammstöfun á The University of the Third Age (háskóli þriðja æviskeiðsins) sem er alþjóðleg hreyfing.

2. grein

Samtökin eru frjáls félagasamtök.

Verða eftir breytingu:

1. grein

Nafn samtakanna er U3A Reykjavík. U3A er skammstöfun á The University of the Third Age (Háskóli þriðja æviskeiðsins) en slík samtök starfa víða um heim. Samtökin eru frjáls félagasamtök og starfa samkvæmt lögum nr. 110/2021 um félög til almannaheilla.

Skýring:

Greinar 1 og 2 sameinaðar í grein 1 til hagræðis. Tilvísun í alþjóðlega hreyfingu U3A orðuð á nýjan og skýrari hátt. Efnisleg breyting er vísun í að samtökin starfi samkvæmt lögum um félög til almannaheilla

Núverandi grein

3. grein

Heimili samtakanna og varnarþing er í Reykjavík.

Verður 2. gr. eftir breytingu:

Núverandi grein

4. grein

Tilgangur samtakanna er tvíþættur. Annars vegar að stuðla að því að félagsmenn hafi fjölbreytilegt framboð af fræðslu án þess að um formlega skólagöngu sé að ræða og hins vegar að stuðla að virkni og aukinni vitund félagsmanna og samfélagsins um mikilvægi þriðja æviskeiðsins, tækifærin sem í því felast og mannauðinn sem í því býr. Fræðslan byggir að mestu á jafningjafræðslu þar sem félagar samtakanna deila með sér þekkingu, reynslu og færni.

Tilgangi sínum hyggjast samtökin ná m.a. með því að:

- Skipuleggja og sjá um fyrirlestra, ferðir og heimsóknir.
- Stofna hópa um viðfangsefni, innlend og erlend, sem félagar samtakanna velja sjálfir.
- Efla kynni við aðra innan og utan U3A samtakanna, hvar sem er í heiminum.
- Taka þátt í rannsóknum og samstarfsverkefnum innanlands sem utan.

Verður eftir breytingu:

3. grein

Tilgangur samtakanna er tvíþættur. Annars vegar að stuðla að því að félagsmenn hafi fjölbreytilegt framboð af fræðslu án þess að um formlega skólagöngu sé að ræða og hins vegar að stuðla að virkni og aukinni vitund félagsmanna og samfélagsins um mikilvægi þriðja æviskeiðsins, tækifærin sem í því felast og mannauðinn sem í því býr. Fræðslan byggir annars vegar á jafningjafræðslu þar sem félagar samtakanna deila með sér þekkingu, reynslu og færni og hins vegar á fræðslu annarra sérfræðinga og fræðimanna.

Tilgangi sínum hyggjast samtökin ná m.a. með því að:

- Skipuleggja og sjá um fyrirlestra, ferðir og heimsóknir.
- Stofna hópa um viðfangsefni, innlend og erlend, sem félagar samtakanna velja sjálfir.
- Efla kynni við aðra innan og utan U3A samtakanna, hvar sem er í heiminum.
- Taka þátt í rannsóknum og samstarfsverkefnum innanlands sem utan.

Skýring:

Óbreytt að öðru leyti en því að eftirfarandi setningu 4. gr. nógildandi samþykkt er breytt í samræmi við reynslu undanfarinna ára. „Fræðsla byggir að mestu á jafningjafræðslu þar sem félagar samtakanna deila með sér þekkingu, reynslu og færni.“ Er breytt þannig „Fræðslan byggir annars vegar á jafningjafræðslu þar sem fræðimenn og félagar samtakanna deila með sér þekkingu, reynslu og færni og hins vegar fræðslu annarra sérfræðinga og fræðimanna.

Núverandi grein

5. grein

Stofnfélagar samtakanna eru tilgreindir í fylgiskjali.

Greinin fellur niður

Skýring:

Ekki talin þörf á slíkri grein.

Ný grein bætist við fyrri samþykktir

4. grein.

Samtökin skulu fjármögnuð með árgjöldum félagsmanna og styrkjum og framlögum sem samtökunum kunna að berast og skal fjármunum varið til starfsemi samtakanna, sbr. 3. gr. Fjárhæð árgjalda skal ákveðin á aðalfundi.

Skýring:

Hér er kveðið nánar á um fjármögnun, fjármuni og árgjöld í samræmi við ákvæði 5. gr. laga um almannaheillafélög þar sem fjallað er um efni samþykktar almannaheillafélga.

Núverandi grein

6. grein

Allir sem eru á þriðja æviskeiðinu geta átt aðild að samtökunum.

Verður eftir breytingu

5. grein

Allir sem eru á þriðja æviskeiðinu geta átt aðild að samtökunum óháð búsetu.

Skýringar. *Hér er bætt við að aðild sé óháð búsetu. Rétt þótti að áréttta það vegna nafns samtakanna U3A Reykjavík.*

Núverandi grein

7. grein

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum samtakanna. Hann skal haldinn í mars ár hvert og telst löglegur ef til hans er boðað rafrænt eða bréflega með minnst 15 daga fyrirvara. Tillögur að breytingum á samþykkt samtakanna skulu hafa borist formanni eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund. Senda skal slíkar tillögur til félaga fyrir aðalfund.

Í fundarboði skal tilgreina dagskrá, tillögur að breytingum á samþykkt samtakanna, ásamt öðrum tillögum sem borist hafa og bera þarf undir atkvæði aðalfundar. Stjórn samtakanna skipuleggur og ber ábyrgð á framkvæmd aðalfundar. Allir skráðir félagar hafa atkvæðisrétt á aðalfundi. Hafi félagi ekki greitt árgjald tvö ár í röð, skal hann færður af félagaskrá.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Setning fundar.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar kynnt og umræður um hana.
4. Reikningar félagsins lagðir fram og bornir upp til samþykktar.
5. Umræður um starfið framundan.
6. Ákvörðun árgjalds.
7. Breytingar á samþykkt.
8. Kosning formanns, stjórnar og tveggja skoðunarmanna reikninga áamt einum til vara.
9. Önnur mál.

Á aðalfundi ræður meirihluti atkvæða úrslitum, þó þarf a.m.k. 2/3 atkvæða til breytinga á samþykkt samtakanna. Halda skal gerðarbók um aðalfundi samtakanna og skrá allar samþykktir og ákvarðanir. Fjárhagsár samtakanna er almanaksárið.

Verður eftir breytingu:**6. grein**

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum samtakanna. Hann skal haldinn í mars ár hvert og telst löglegur ef til hans er boðað rafrænt eða bréflaga með minnst 15 daga fyrirvara. Tillögur að breytingum á samþykktum skulu hafa borist formanni eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund. Senda skal slíkar tillögur til félaga fyrir aðalfund.

Í fundarboði skal tilgreina dagskrá, tillögur að breytingum á samþykktum, ásamt öðrum tillögum sem borist hafa og bera þarf undir atkvæði aðalfundar. Stjórn samtakanna skipuleggur og ber ábyrgð á framkvæmd aðalfundar. Allir skráðir félagar hafa rétt til setu á aðalfundi með atkvæðisrétti. Hafi félagi ekki greitt árgjald tvö ár í röð, skal hann færður af félagaskrá. Stjórn samtakanna getur boðað til aukaaðalfundar ef þörf krefur og skal hann boðaður með sama hætti og aðalfundur.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Setning fundar.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Reikningar félagsins lagðir fram og bornir upp til samþykktar.
5. Umræður um starfið framundan.
6. Ákvörðun árgjalds.
7. Breytingar á samþykktum
8. Kosning formanns, stjórnar og skoðunarmanna reikninga.
9. Önnur mál.

Á aðalfundi ræður meirihluti atkvæða úrslitum, þó þarf a.m.k. ¾ atkvæða til breytinga á samþykktum samtakanna. Skrá skal allar samþykktir og ákvarðanir aðalfundar í fundargerð.

Fjárhagsár samtakanna er almanaksárið. Tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara skulu kosnir á aðalfundi og mega þeir ekki koma úr hópi stjórnarmanna eða gegna

stjórnunarstörfum fyrir samtökin. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir skoðunarmenn reikninga eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

Skýringar

Breytt orðalag: „Allir skráðir félagar hafa atkvæðisrétt á aðalfundi“ *breytt í:* „Allir skráðir félagar hafa rétt til setu á aðalfundi með atkvæðisrétti“.

Viðbót: „Stjórn samtakanna getur boðað til aukaaðalfundar ef þörf krefur og skal hann boðaður með sama hætti og aðalfundur.“ Nauðsynlegt er talið að kveða skýrt á um heimild til að boða til aukaaðalfundar.

Loks er hlutfalli atkvæða sem þarf til breytinga á samþykktum er breytt úr 2/3 í 3/4 og nánar kveðið á um val skoðunarmanna og gerð ársreikninga í samræmi við lög um félög til almannaheilla.

Núverandi grein

8. grein

Stjórn samtakanna er kosin til tveggja ára í senn.

Hún er skipuð sjö mönnum: Formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og þremur meðstjórnendum.

Stjórnarmenn sitja að hámarki tvö kjörtímabil. Formaður skal kosinn til eins árs í senn og skal að hámarki sitja þrjú kjörtímabil. Kosið er um helming stjórnar hvert ár til þess að tryggja samfellu. Stjórn samtakanna annast samræmingu starfsins eftir þörfum og hefur umsjón með að upplýsingamiðlun sé nægileg innan samtakanna og milli hópa. Stjórnin getur haft frumkvæði að stofnun hópa. Einnig hefur stjórnin forystu í samskiptum við önnur samtök U3A í heiminum.

Stjórnin ber ábyrgð á útgáfumálum, þ.m.t. heimasíðu samtakanna og að kynna samtökin út á við.

Stjórnarfundir eru haldnir eftir þörfum, þó ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Fundargerðir stjórnar eru aðgengilegar öllum félagsmönnum.

Eftir breytingu.

7. grein

Stjórn samtakanna skal skipuð sjö mönnum og tveimur varamönnum. Formaður skal kosinn til eins árs í senn og skal að hámarki gegna embætti formanns í þrjú kjörtímabil. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára í senn og sitja að hámarki tvö kjörtímabil. Kosið er um helming stjórnar hvert ár til þess að tryggja samfellu. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnin mótar stefnu samtakanna, skipuleggur starfið, annast daglegan rekstur og samræmingu og hefur umsjón með að upplýsingamiðlun sé nægileg innan samtakanna og

milli hópa. Stjórnin getur haft frumkvæði að stofnun hópa. Stjórnin ber ábyrgð á útgáfumálum, þ.m.t. heimasíðu samtakanna og kynningu samtakanna. Einnig hefur stjórnin forystu í samskiptum við önnur samtök U3A í heiminum. Meiri hluti stjórnar ritar firma samtakanna.

Stjórnarfundir skulu haldnir eftir þörfum, þó ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

Skýringar

Númer greinar uppfærist. Hér er tveimur varamönnum bætt við sjö manna stjórn og orðalag ákvæðis um kjörtímabil formanns og annarra stjórnarmanna gert skýrara. Þá er gerð nánari grein fyrir hlutverki stjórnarinnar. Í samræmi við ákvæði 5. gr. laga um almannaheill er bætt inn ákvæði um að meiri hluti stjórnar riti firma samtakanna. Það felur í sér að meiri hluti stjórnar getur skuldbundið félagið og veitt prókúumboð. Ekki er um að ræða efnislega breytingu heldur einungis áréttingu. Ákvæði um hlutverk stjórnarmanna er tekið út og sagt í staðinn að stjórn skipti sjálf með sér verkum. Kvöð um lágmarksfjölda stjórnarfunda er breytt úr tveimur í fjóra á ári.

Ákvæði um að fundargerðir stjórnar séu aðgengilegar öllum félagsmönnum er felld brott. Fundargerðirnar hafa hingað til ekki verið birtar, en gert er ráð fyrir að félagsmenn geti óskað eftir aðgangi að tiltekinni fundargerð eða fundargerðum.

Núverandi grein

9. grein

Félagsmenn stofna hópa um ýmis áhugamál og velja sér umsjónarmann (einn eða fleiri). Hóparnir bera sjálfir ábyrgð á framkvæmd starfsins. Umsjónarmaður eða annar sem til þess er valinn úr hópnum sér um að upplýsa stjórn um stofnun hópsins, starfsemi hans og hverjir eru félagar í hópnum.

Eftir breytingu

8. grein

Félagsmenn stofna hópa um ýmis áhugamál sem samrýmast tilgangi samtakanna og velja sér umsjónarmann (einn eða fleiri). Hóparnir bera sjálfir ábyrgð á framkvæmd starfsins. Umsjónarmaður eða annar sem til þess er valinn sér um að upplýsa stjórn um stofnun hópsins, starfsemi hans og hverjir eru félagar í hópnum.

Skýring

Númer greinar uppfærist. Orðalagi breytt og áhugamál nánar skilgreind sem: „áhugamál sem samrýmast tilgangi samtakanna“

Núverandi grein

10. grein

Auk aðalfunda eru félagsfundir haldnir eftir þörfum og óskum félagsmanna, þó ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Þeir skulu auglýstir öllum félagsmönnum. Fundargerðir félagsfunda eru aðgengilegar öllum félagsmönnum.

Eftir breytingu

9. grein

Félagsfundir skulu haldnir þegar stjórn telur þörf á því eða félagsmenn óska eftir því. Skyld er að boða til félagsfundar ef minnst tíundi hluti atkvæðisbærra félagsmanna óskar eftir því. Fundargerðir félagsfunda eru aðgengilegar öllum félagsmönnum.

Skýring

Nánari skilgreining á fyrirkomulagi aðdraganda og boðun félagsfunda. Númer greinar uppfærast.

Nýrri grein bætt við

10. grein

Samtökin geta kjörið heiðursfélaga samkvæmt tillögu frá stjórn félagsins. Tillaga um slíkt kjör skal borin fram á aðalfundi og telst hún samþykkt ef $\frac{3}{4}$ hlutar fundarmanna greiða henni atkvæði.

Skýring

Möguleiki á kjöri heiðursfélaga settur inn í samþykktir með skilgreiningu á fyrirkomulag slíks kjörs

Núverandi grein

11. grein

Verði samtökin lögð niður skulu eignir þeirra, ef einhverjar eru, renna til góðgerðarmála í samræmi við ákvörðun stjórnar.

Eftir breytingu

11. grein

Komi fram tillaga um um slit samtakanna skal hún lögð fyrir aðalfund og telst hún samþykkt ef $\frac{3}{4}$ hluti fundarmanna greiðir henni atkvæði sitt. Verði samtökin lögð niður skulu eignir þeirra, ef einhverjar eru, renna til félaga eða stofnana sem vinna að málefnum sem samrýmast tilgangi samtakanna samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

Skýring

Hér er kveðið á um hvernig ákvörðun um slit samtakanna skuli tekin og nánar kveðið á um hvernig fari um eignir þeirra ef til þess kæmi. Slík ákvörðun yrði aðeins tekin á aðalfundi og til þess þyrfti ¾ hluta atkvæða og eignir rygnu til „félaga eða stofnana sem vinna að málefnum sem samrýmast tilgangi samtakanna samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

Núverandi grein

12. grein

Samþykkt samtakanna öðlast gildi á stofnfundi þann 16. mars 2012.

Falli niður enda á hún ekki lengur við.

Ný grein bætist við

12. grein

Um þau atriði sem ekki er kveðið sérstaklega á um í samþykktum þessum fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 110/2021 um félög til almannaheilla og öðrum lögum sem við geta átt.

Skýring

Hér er áréttað að samtökin starfi samkvæmt lögum um félög til almannaheilla.

Ný lokagrein bætist við

13. grein

Samþykktir þessar voru samþykktar á aðalfundi samtakanna 21. mars 2023 og öðlast þegar gildi. Breytingar á 1. og 12. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en við skráningu í almannaheillafélagaskrá.